

Föstudaginn 28. febrúar 1992.

Nr. 460/1991. **Ákærvaldið**(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn**Hermanni Kjartanssyni**

(Sveinn Snorrason hrl.).

Líkamsárás. Sönnun. Skilorð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 5. nóvember 1991, en jafnframt af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar.

## I.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði viðurkennt að hafa veist að konu sinni með hamri, er hún var sofandi á heimili þeirra. Er frásögn þeirra um atlöguna að mestu samhljóða að öðru leyti en því, að ákærði neitar að hafa reynt að troða plastpoka upp í munn konunnar í því skyni að kæfa hana, heldur hafi hann haldið honum fyrir vitum hennar í því skyni að deyfa frá henni hljóð. Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað því, að fyrir sér hafi vakað að bana konu sinni. Hann hefur gefið þá einu skýringu á verknaði sínum, að konan „hafi verið leiðinleg við sig undanfarna mánuði og hann hafi viljað hrekkja hana“. Ákærði sagðist hafa „danglað“ hamrinum laust í enni konu sinnar. Eiginkonan taldi höggið ekki hafa verið mjög þungt, enda hlutust minni háttar áverkar af.

Ákærvaldið byggir málsókn sína að verulegu leyti á því, að framferði ákærða síðustu dægur fyrir hinn umrædda atburð bendi eindregið til þess, að aðalefni ákæru sé á rökum reist. Á þetta verður ekki fallist. Þegar frásögn ákærða er virt svo og afleiðingar verknaðarins, verður að telja ósannað, að ásetningur ákærða hafi verið sá að bana konunni. Er því staðfest sú niðurstaða hins áfrýj-

aða dóms að sýkna ákærða af broti gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærði hafi gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

## II.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin níu mánaða fangelsi. Þegar litið er til allra atvika og þess, að mikil röskun hefur orðið á högum ákærða, þykir mega fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Gæsluvarðhaldsvist og frelsisvipting ákærða í samtals 79 daga komi til frádráttar refsivistinni, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði greinir.

### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hermann Kjartansson, sæti fangelsi í níu mánuði. Fresta skal fullnustu sex mánaða af refsingunni og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingunni komi 79 dagar, er ákærði sætti frelsisviptingu.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

### Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 11. september 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 11. september, er á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar, sem háð er í dómsal embættisins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í saka-

dómsmálinu nr. 1737/91: Ákærvaldið gegn Hermanni Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 21. ágúst s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 15. júlí sl., gegn ákærða, Hermanni Kjartanssyni afgreiðslustjóra, áður Grenilundi 9, Garðabæ, nú með dvalarstað að Boðahlein 6, Garðabæ, fæddum í Reykjavík 17. maí 1930, „fyrir tilraun til manndráps með því að hafa um kl. 4.30 aðfaranótt mánudagsins 3. júní 1991 slegið eiginkonu sína, Hildi Wium Kristinsdóttur, í ennið með kúluhamri, þar sem hún lá sofandi í sófa við vesturvegg í stofu á heimili þeirra að Grenilundi 9, Garðabæ, og lagt plastpoka yfir andlit hennar og troðið honum upp í munn hennar.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

#### *Málavextir.*

Aðfaranótt mánudagsins 3. júní sl. um kl. 4.38 hringdi Hildur Wium Kristinsdóttir, Grenilundi 9, Garðabæ, til lögreglunnar í Hafnarfirði og óskaði eftir skjótri aðstoð, vegna þess að maður sinn, Hermann Kjartansson, hefði ráðist á sig með hamri. Tveir lögreglumenn fóru þegar á staðinn, en þá var Hermann farinn, en Hildur tjáði þeim, að hann hefði ráðist á sig með hamri og slegið sig í höfuðið, og enn fremur hefði hann reynt að kæfa sig með plastpoka, sem hann hefði haldið fyrir vitum hennar. Dætur þeirra, Marta, Rut og Sara, voru allar heima. Báru þær að hafa talað við föður sinn, áður en hann hefði farið af staðnum, en hann hefði verið með grímu, hanska og húfu á höfði. Hildur bar, að hann hefði læst dæturnar inni, áður en hann hefði ráðist að sér, þar sem hún lá í sófanum í stofunni. Þær hefðu vaknað við ópin og barið á dyrnar. Eftir að hún hefði opnað dyrnar, hefði hún hringt á lögreglu. Bar Hildur, að þau hjón væru að skilja eftir 20 ára hjónaband, og hefði Hermann aldrei lagt á sig hendur fyrr. Hildur sagði, að Hermann hefði farið til Hollands sl. fimmtudag og ekki verið væntanlegur fyrr en næsta föstudag. Leit var gerð að Hermanni í hverfinu og næsta nágrenni án árangurs.

Að morgni 3. júní kl. 9.00 kemur Hildur Wium Kristinsdóttir á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærir eiginmann sinn fyrir líkamsárás. Vitnið ber, að það hafi verið heima hjá sér sl. nótt ásamt þremur dætrum sínum, 15, 17 og 20 ára gömlum. Það sofi í sófa í stofu, þar sem það og eiginmaður þess, Hermann Kjartansson, séu að skilja, en búi enn undir sama þaki. Vitnið ber, að Hermann hafi farið til Amsterdam fimmtudaginn 30. maí sl., og hafi hann verið væntanlegur 7. júní nk. Því hefði ekki verið

kunnugt um erindið, en við fasteignasala, er væri að vinna fyrir þau, hefði hann sagt, að hann ætlaði að gera nokkuð, sem sig hefði lengi langað til að gera.

Vitnið ber, að Hermann hafi allt í einu verið kominn inn í stofu, en það hafi ekki orðið vart við, er hann kom inn, en húsið hafi verið læst í gærkvöld, svo að hann hafi opnað með lykli. Hann hafi hins vegar ekki átt að hafa lyklavöld að húsinu, þar sem hann hafi lánað Mörту, dóttur þeirra, lykla að húsinu og bílnum, áður en hann fór.

Vitnið kveðst hafa vaknað við það, að Hermann hafi gengið að sófanum. Telur vitnið nokkuð víst, að það hafi séð hann ganga síðustu skrefin, en því þótt það nokkuð óraunverulegt, þar sem það hafi ekki vitað betur en hann væri í útlöndum. Það hafi legið á bakinu, og þaðan sjáist vel að inn-ganginum í stofuna í hinum enda hennar.

Vitnið kveður Hermann ekki hafa sagt aukatekið orð við það, hann hafi reitt upp hamarinn með hægri hendi og slegið það í ennið. Vitnið ber, að Hermann hafi verið með leðurhanska á höndum, í svörtum ípróttagalla og leðurjakka, þá hafi hann verið með derhúfu og derið snúið aftur. Kveðst vitnið ekki þekkja þessa húfu og ber, að Hermann noti aldrei höfuðföt.

Vitnið kveðst ekki hafa misst meðvitund við höggið, sem það hafi fengið í höfuðið. Strax og Hermann hafi barið það með hamrinum, hafi hann síðan fylgt atlögunni eftir með því að leggja plastpoka, merktan Mikla-garði, yfir andlit þess, og kveðst það telja, að eitthvað hafi verið í pokanum, án þess að það geti gert sér grein fyrir, hvað það væri. Vitnið ber, að Hermann hafi reynt og reyndar tekist að troða pokanum upp í munn þess og það átt í erfiðleikum með að ná andanum vegna þess. Því hafi tekist að bíta í hendur Hermanns, en hann hafi verið með hanska á höndum. Þá hafi sér tekist að rífa plastpokann frá vitunum, en þau hafi áfram tekist á, það og Hermann, og átökin borist úr sófanum út á gólf. Við það hafi hlutir færst úr stað, m. a. hafi stórt og verulega þungt glerborð hreyfst til, en borðinu geti vitnið ekki bifað.

Vitnið kveðst hafa kallað á hjálp og því fundist undarlegt, að dætur þeirra hafi ekki komið því til hjálpar, en á því hafi reynst skýring. Svefn-herbergisálma hússins, þar sem dæturnar sofa, hafi reynst vera læst með lykli, og hafi lykillinn staðið í skránni stofu megin. Vitnið kveðst hafa náð að slíta sig laust frá Hermann eftir nokkurra mínútna átök og hlaupa að dyrunum. Þá hafi það áttað sig á því, að dæturnar kæmust ekki fram til þess að aðstoða það. Þær hafi kallað, að það skyldi opna með því að snúa lyklinum. Vitnið tekur fram, að í þau tuttugu ár, sem fjölskyldan hafi búið í húsinu, hafi þessar dyr aldrei verið læstar, hvorki að nóttu né degi. Vitnið ber, að því hafi tekist að opna með því að snúa lyklinum. Dæturnar þrjár hafi allar komið fram og séð föður sinn, sem hafi virst alveg stjarnfur. Þær

hafi gengið að honum og hann hörfað undan þeim áleiðis út í bílskúr. Á leiðinni hafi Marta spurt hann: „Hvað gengur eiginlega á?“ — og hann svarað: „Það er ekki allt búið enn.“

Er Hermann mælti þessi orð, hafi það farið í símann og hringt í lögreglu og óskað eftir aðstoð. Þá hafi verið eins og Hermann hafi áttað sig á stað og stund, og hann hafi þrifið með sér vetrarúlpu og rokið út úr bílskúrnum. Hann hafi horfið sjónum þeirra inn í garð nágranna þeirra og ekkert væri vitað um ferðir hans.

Vitnið kveður hugsanlegt, að hann sé á bifreið, sem hann hafi nýlega keypt, af gerðinni Volvo, með skráningarnúmerinu R-6377, en bifreiðina hafi hann skráð á nafn dóttur sinnar frá fyrra hjónabandi.

Vitnið kveðst óttast um líf sitt fyrir þessum manni. Vitnið kveðst skynja árásina þannig, að Hermann hafi undirbúið hana með þeim hætti, að allir teldu hann vera í útlöndum, er á það var ráðist. Vitnið kvaðst vera þess fullvisst, að Hermann hafi ætlað að ráða því bana í morgun með þessum hætti.

Vitnið kveðst krefjast þess, að Hermann sæti ábyrgð gerða sinna, og kveðst telja nauðsynlegt, að hann komist undir læknishendur. Vitnið kveður hann mjög ósáttan við, að það krefjist skilnaðar, og kveðst trúa honum til allra hluta.

Um kl. 10.00 að morgni mánudagsins 3. júní óskar lögreglan í Reykjavík eftir því við lögregluna í Borgarnesi, að hún fari að sumarbústað nr. 23 í landi Fitja í Skorradal og kanni, hvort Hermann Kjartansson, Grenilundi 9, Garðabæ, sé þar. Talið var líklegt, að Hermann væri á bifreiðinni R-6377. Var óskað eftir því, ef hann fyndist, að hann yrði fluttur til lögreglunnar í Reykjavík, en hans væri leitað vegna meintrar morðtilraunar.

Er lögreglumenn komu að sumarbústaðnum, var bifreiðin R-6377 mannlauus á bifreiðastæði, og virtist bústaðurinn einnig mannlauus. Kvöddu lögreglumenn dyra, en enginn ansaði. Fóru lögreglumenn inn í bústaðinn í gegnum glugga, en þar var engan að finna. Leit var gerð í nágrenninu, og fannst ákærði, Hermann, þar á gangi eftir veginum. Var hann handtekinn og fluttur á móti lögreglunni í Reykjavík. Við handtöku var ákærði með hálfu flösku af „whisky“, sem hann var að drekka úr. Flaskan var tekin af honum og sett í bifreiðina R-6377. Lyklar bifreiðarinnar ásamt öðrum farangri voru afhent lögreglunni í Reykjavík, sem tók við ákærða. Pennan sama dag um kl. 19.30 kannaði Eiríkur Hreinn Helgason rannsóknarlögreglu maður, hvort unnt væri að yfirheyra Hermann. Að mati fangavarða í Síðumúlafangelsi var Hermann enn mjög ölvaður og óviðræðuhæfur.

Ákærði var færður til skýrslutöku næsta morgun, og sama dag var gerð

krafa um gæsluvarðhald yfir ákærða og geðrannsókn, og var hún tekin til greina.

*Framburður ákærða.*

Ákærði kveður efni ákæru ekki vera rétt að því leyti, að hann hafi ætlað að ráða konu sinni bana. Ákærði kveður atvikalýsingu í ákæru vera rétta að öllu öðru leyti en því, að hann hafi ekki troðið plastpokanum upp í munn eiginkonu sinnar.

Ákærði viðurkennir að hafa aðfaranótt 3. júní sl. um kl. 4.30 slegið eiginkonu sína, Hildi Wium Kristinsdóttur, í ennið með kúluhamri, þar sem hún lá sofandi í sófa við vesturvegg í stofu á heimili þeirra, Grenilundi 9, Gardabæ. Ákærði viðurkennir enn fremur að hafa lagt plastpoka yfir andlit hennar með vinstri hendi, en þá hafi hún rumskað og vaknað og hreyft til höfuðið og plastpokinn farið af andlitinu, en hann þá lagt hægri hönd sína yfir munn hennar, en við það, að hún hafi snúið höfðinu til og frá, hafi fingur hans lent uppi í munn hennar. Ákærði kveður ástæðuna til þess, að hann hafi lagt hægri hönd yfir munninn, vera þá, að hann hafi búist við, að hún myndi öskra.

Ákærði var beðinn um skýringu á því, hver hefði verið tilgangurinn með því að ráðast á Hildi, þar sem hún lá sofandi.

Ákærði bar, að hann hefði ekki aðra skýringu á því en að hún hefði verið leiðinleg við sig undanfarna mánuði og hann viljað hrekkja hana.

Ákærði kveður Hildi hafa verið með lokuð augu, er hann gekk inn í stofuna.

Ákærði kveðst hafa ákveðið að fara í Grenilundinn, er hann hafi vaknað aðfaranótt 3. júní sl. um kl. 2.00, en hann hafi sofið í bifreiðinni í bifreiðageymslu í Kópavogi. Ákærði kveðst hafa ákveðið að ráðast á Hildi, er hann hafi vaknað, eftir að hafa sofið á dýnu í bílskúrnum. Ákærði kveðst hafa verið allsgáður, er hann tók þessa ákvörðun. Hann hafi farið þrívægis inn í húsið frá því klukkan rúmlega 2.00, er hann kom þangað. Hann hafi m. a. farið inn í svefnherbergi sitt og notað snyrtingu, en hann hafi ekki lagt sig í svefnherberginu, heldur á dýnu inni í bílskúr. Ákærði ber, að þær mæðgur hafi allar verið sofandi, er hann fór um húsið. Ákærði kveðst hafa læst millihurðinni, sem sé inn í (sic) svefnherbergisálmuna, í síðasta skiptið, sem hann hafi farið inn, en í þeirri sömu ferð hafi hann ráðist á Hildi. Ástæðan til þess, að hann hafi læst, hafi verið sú, að hann hafi gert ráð fyrir, að þau hjónin myndu rífast, og hann hafi ekki viljað, að dæturnar kæmu fram.

Ákærði kveðst hafa danglað hamrinum í enni konu sinnar, þar sem hún hafi verið sofandi. Ákærði kveðst hafa verið með svarta leðurhanska, og hamrinum hafi hann haldið með þremur fingrum, þannig, að hann hafi

legið samsíða líkamanum, niður með fótleggnum, og úr þeirri stöðu hafi hann danglað honum í „pendúlhreyfingu“ í enni Hildar. Síðan hafi hann lagt plastpokann yfir andlit hennar, en þá hafi hann kropið á hnjúnum. Við það, að hún hafi hreyft sig, hafi pokinn farið af andlitinu og Hildur þá sagt: „Hvað ertu að gera, Hemmi minn?“ Hann hafi þá séð, að hún var ofsahrædd, og lagt lófa hægri handar yfir munn hennar, þar sem hann hafi búist við, að hún myndi öskra, sem hún hafi gert og jafnframt bitið hann í fingurna, sem hafi lent uppi í henni. Hún hafi bitið mjög fast og hann tekið alla fingurna út úr munni hennar nema litla fingur, en hún hafi bitið svo fast í hann, að hann hafi talið, að hann færi af. Hún hafi enn fremur öskrað: „Hann ætlar að drepa mig.“ Eftir þetta hafi hún risið á fætur og hann gengið út úr stofunni með hamarinn, en önnur átök hafi ekki orðið. Ákærði kveður ástæðuna til, að hann hafi verið með hanska, vera þá, að hann þjáist af kulda í fingri.

Ákærði ber, að Marta hafi komið fram og Hildur spurt hana að því, hvort hún ætti ekki að hringja á lögregluna, og Marta svarað því játandi. Marta hafi síðan sagt við sig: „Það er skemmtilegt eða hitt þó heldur, með hvaða hætti maður er vakinn.“ Þar sem hann hafi þá heyrt konu sína tilkynna lögreglu, að maður sinn hafi reynt að ráða henni bana, hafi hann svarað Mörtu á þá leið, að það væri ekki allt búið enn, og þá átt við, að hann vissi um kærana og að eftirmál yrðu.

Í skýrslu, sem ákærði gaf hjá RLR, kvað hann ástæðuna til þess, að hann hefði ráðist á Hildi, vera þá, að hann hefði ætlað að ræða við hana um skilnaðarmál þeirra. Ákærði gefur hins vegar þá skýringu fyrir dómi á árásinni, að hann hafi ætlað að hrekkja hana. Ákærði getur ekki gefið skýringu á þessu misræmi.

— — —

Vitnið Hildur Wium Kristinsdóttir gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið ber, að það hafi vaknað við það aðfaranótt 3. júní sl., að það varð fyrir höggi, og brugðið hafi verið fyrir andlit þess plastpoka með grisju eða púða innan í. Það hafi í fyrstu haldið, að um draum væri að ræða, og barist um, en plastpokanum hafi verið haldið áfram fyrir andliti þess. Það hafi barist um, og enn hafi pokanum verið haldið, en þegar það hafi getað ýtt pokanum frá andlitinu, hafi það séð, að þar var ákærði. Það hafi þá hljóðað og því orðið ljóst, að ákærði var að reyna að kæfa það. Þau hafi slegist í sófanum, og Hermann, sem hafi verið með hanska, hafi margfarið með fingur upp í munn þess og reynt og tekist að troða hluta af pokanum upp í munn þess. Átökin hafi borist út á gólf og ákærði verið ofan á því og alltaf verið með pokann til þess að reyna að kæfa það. Hann hafi haldið plastpokanum með vinstri hendi, en það viti ekki, hvar hægri höndin hafi verið, hvort hann hafi einnig notað hana við að halda

pokanum. Er þetta var, hafi hann verið krjúpandi við hlið þess. Í átökunum hafi það sparkað í borð, sem hafi færst úr stað. Það hafi margkallað á dætur sínar og heyrt hljóðin í þeim, en ekkert skilið í því, hvers vegna þær hafi ekki komið fram. Vitnið kveðst hafa hrópað á hjálp og borið, að hann væri að drepa sig. Vitnið kveðst margoft hafa reynt að ná plastpokanum frá andlitinu og m.a. klórað sig í framan við það. Vitnið kveðst nýlega hafa horft á sjónvarpsþátt um fórnarlömb í ofbeldismálum. Þar hafi komið fram, að æskilegt væri að beina blíðuorðum að þeim, er ofbeldinu beitti, og það hafi sagt tvisvar: „Hvað ertu að gera, Hemmi minn?“ Þá hafi ákærði linað tókin, svo að vitnið hafi getað stigið á fætur. Það hafi gengið að dyrunum inn í svefnherbergisálmuna og heyrt í dætrum sínum hljóðandi fyrir innan, en ekki getað opnað dyrnar. Það hafi beitt svo miklu afli við að reyna að opna, að húnninn hafi losnað og brotnað. Vitnið kveðst hafa vitað af lykllum í eldhússkáp, en þessum dyrum hafi aldrei verið læst fyrr. Það hafi snúið fram og ætlað út, en þá munað eftir dætrunum inni og snúið við. Þær hafi sagt henni, að lykillinn væri í skránni, og það opnað fyrir þeim. Ákærði hafi þá farið fram í þvottahús, en Marta og þær systur komið fram. Marta hafi sagt: „Hvað gengur á?“ Ákærði hafi þá svarað: „Það á meira eftir að koma.“ Vitnið kveðst hafa hringt á lögreglu eftir það og óskað eftir aðstoð og lögreglumenn flutt vitnið á slysadeild. Ákærði hafi verið frammi í bilskúr, er það var í símanum, og verið farinn úr húsinu, áður en símtalinu lauk.

Ákærði og vitnið voru samprófuð. Hvoru um sig var kynntur framburður hins um plastpokann, og hélt hvort við sitt. Ákærði bar, að pokinn hefði ekki farið upp í munn Hildar, en Hildur bar, að plastpokinn hefði að hluta farið upp í munn sér.

Ákærði og vitnið voru sammála um, að fingur ákærða hefðu farið upp í munn þess í átökunum og að vitnið hefði bitið í fingur ákærða.

Ákærði hélt því fram, að þegar vitnið hefði vaknað og hreyft til höfuðið, hefði plastpokinn farið af andlitinu. Vitnið kvað ákærða hins vegar hafa haldið plastpokanum yfir andlitinu, bæði meðan þau tókust á í sófanum og á gólfinu. Ákærði og vitnið héldu hvort við sitt.

Vitnið bar, að ákærði hefði ætlað að kæfa það með pokanum og innihaldi hans, en ákærði mótmælti því. Ákærði kvaðst hafa ætlað að nota pokann til þess að kæfa hljóðin frá Hildi, en ekki hana, og pokinn farið af andlitinu, er hún hefði hreyft til höfuðið. Bæði héldu fast við framburð sinn.

Vitnið hélt því fram, að ákærði hefði margfarið með fingurna upp í munn þess. Ákærði kvað það ekki rétt, hann hefði einungis farið með fingurna upp í munn þess, þegar vitnið hefði byrjað að hreyfa til höfuðið; fljótlega hefði sér tekist að taka tvo fingur út, en litli fingur orðið eftir. Eftir

að vitnið hefði losað bitið, hafi átökunum lokið. Vitnið viðurkenndi að hafa margbitið ákærða, en kvað átökunum ekki hafa lokið, er það hefði losað bitið, heldur hefðu þau haldið áfram á gólfinu fyrir neðan sófann.

Ákærði bar, að átökunum hefði lokið í sófanum, en vitnið, að þeim hefði lokið á gólfinu, og hélt hvort við sitt.

Vitnið bar, að sófaborðið hefði hreyfst úr stað, þar sem það hefði sparkað í það, er þau tókust á niðri á gólfinu, en ákærði taldi, að það hefði færst úr stað við það, að hann hefði staðið upp, eftir að hafa kropið við sófann.

Ákærði lýsti því, hvernig vitnið hefði sprottið upp úr sófanum. Vitnið bar, að það hefði hvorki sprottið upp úr sófanum né af gólfinu.

Það var álit beggja, að Hildur hefði fyrst farið að millihurðinni.

Vitnið kvaðst hafa hringt í lögregluna, eftir að telpurnar komu fram, og ákærði þá staðið í bílskúrsdyrunum, en það hefði ekki séð hann allan tímann, sem símtalið hefði staðið yfir. Ákærði kvað þetta ekki alls kostar rétt, símtalið hefði verið byrjað, áður en hann var kominn inn í bílskúr.

Vitnið tók fram, að það hefði tvisvar farið í lækni skoðun. Það kvaðst hafa verið marið á handleggjum og fótleggjum, fyrir utan þá áverka, sem lýst er í læknisvottorðum. Vitnið kvaðst telja, að marblettirnir á fótleggjum væru vegna þess, að það hefði sparkað í borðið. Ákærði óskaði eftir að taka fram, að hann kannaðist við, að marbletti á upphandleggjum mætti rekja til átaka við sig, þar sem hann hefði tekið um upphandlegg, er hann var að reyna að losa litlafingur úr munni Hildar.

Vitnið var sérstaklega innt eftir því, hvor skýrsla þess væri réttari, er það gaf fyrir dómi, eða hjá RLR, varðandi það, hvenær það hefði orðið vart við ákærða.

Vitnið kvað skýrslu sína fyrir dómi réttari og kvaðst ekki hafa vaknað fyrr en við höggið. Þá bar vitnið, að höggið hefði ekki verið reitt af fullu afli.

Vitnið Marta Hermannsdóttir, dóttir ákærða, gaf skýrslu við meðferð málsins.

Vitnið ber, að það hafi vaknað við öskur í móður þess aðfaranótt 3. júní sl. Það hafi í fyrstu haldið, að einhver hefði brotist inn og væri að nauðga henni, en móðir þess hefði sofið í stofunni í nokkra mánuði. Vitnið kveðst hafa gengið að millihurðinni og því reynt ómögulegt að opna hana, en það hafi ekki gert sér grein fyrir því þá, að hún var læst. Það hafi farið inn til Söru og spurt hana, hvort hún heyrði ekki lætin, en Sara hafi vaknað í því. Síðan hafi það farið inn til Rutar til að sækja lykil og sagt systurum sínum að hringja á lögreglu. Sara hafi farið í símann, en ekki munað númer. Það hafi sífellt reynt að opna dyrnar og barið á hurðina, um leið og móðir þess hafi komið á hurðina (sic) hinum megin og hrópað: „Eruð þið

ekki að koma, hann er að drepa mig, opnaðu hurðina!“ Vitnið kveðst þá hafa spurt: „Hver?“ — en í því hafi dyrnar opnast og móðir þess svarað: „Pabbi þinn.“ Vitnið kveðst þá hafa sagt: „Það getur ekki verið, hann er í Amsterdam,“ en þá hafi móðir þess sagt: „Hann er inni í bílskúr, farðu og sjáðu hann.“ Vitnið kveðst þá hafa farið inn í bílskúrinn, og þar hafi faðir þess verið að bogra yfir plastpokum. Vitnið kveðst hafa sagt við hann: „Hvað gengur eiginlega á?“ Hann hafi svarað: „Það á mikið eftir að koma enn.“ En í þeim töluðum orðum hafi hann gengið á móti því og þau staðið í þvottahússdyrunum, en hann hafi þó enn verið inni í bílskúrnum. Vitnið ber, að þegar hann hafi sleppt þeim orðum, hafi það heyrt móður sína segja: „Þetta er í Grenilundi 9, maðurinn minn var að reyna að drepa mig eða er að reyna að drepa mig.“ Þau hafi síðan gengið saman inn í gegnum þvottahúsið fram á gang, þar sem hann hafi tekið úlpu og farið út á bak við húsið, en móðir þess enn verið í símanum. Vitnið kveðst ekki hafa farið inn í stofuna fyrr en eftir þetta, og þá hafi sængin legið á gólfinu og sófaborðið verið til hliðar, en það hafi venjulega staðið fyrir miðjum sófanum.

Vitnið kveður það hafa komið sér á óvart, hversu rólegur faðir þess hafi verið, þar sem hann hafi venjulega verið uppstökkur og „stressaður“. Móður þess hafi hins vegar verið brugðið, eins og hún tryði þessu ekki.

Vitnið ber, að faðir þess hafi hringt í það á laugardeginum, er það var í afmælisboði hjá vinkonu móður þess, og hann sagst vera í Amsterdam. Það hafi spurt hann, hvort það væri ekki gaman, og hann svarað því játandi. Hann hafi spurt, hvort enginn hafi verið heima á föstudagskvöldinu, en þá hafi hann hringt. Vitnið kveðst hafa staðfest, að enginn hafi verið heima þá, en þau síðan slitið símtalinu.

Áður en hann fór, hafi hann lánað því bílinn og lykla að húsinu, þar sem það hafi týnt sínum lyklum. Hann hafi óskað eftir því, að vitnið sækti sig út á flugvöll 7. júní, þar sem hann væri bæði bíllaus og lykllaus.

Vitnið ber, að foreldrar þess hafi skemmt sér sitt í hvoru lagi undanfarið og þá fengið sér í glas. Faðir þess hafi hins vegar byrjað að drekka bjór mánuði fyrir verknaðinn, og það hafi hætt að gera sér grein fyrir, hvenær hann var undir áhrifum, „mjúkur“ eða ekki.

Vitnið Rut Hermannsdóttir, dóttir ákærða, gaf skýrslu við meðferð málsins.

Vitnið kveðst hafa vaknað aðfaranótt 3. júní sl. við það, að Marta hafi komið inn og tekið lykilinn úr skránni. Það hafi heyrt hrópin í móður þess og þær reynt að opna millihurðina, en það ekki tekist. Vitnið kveðst þá hafa reynt að skriða út um baðgluggann og verið komið hálfra leið út, er millihurðin hafi opnast. Marta hafi farið út í bílskúr, og vitnið kveðst hafa

farið á eftir henni. Þar hafi Marta spurt föður þeirra: „Hvað gengur á?“ — og hann svarað: „Það á mikið eftir að koma. Það er ekki allt komið enn. Það á meira eftir að koma.“ Vitnið kveðst ekki muna orðin nákvæmlega, en merkingin hafi verið þessi. Er hann hafi mælt þessi orð, hafi hann staðið á móts við hitaveitunntakið, en það verið komið yfir þröskuldinn, sem sé milli bílskúrs og þvottahúss. Síðan hafi það gengið inn, og er það hafi verið í forstofunni, hafi það heyrt móður þess tala við lögreglu.

Vitnið Sara Hermannsdóttir, dóttir ákærða, gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Vitnið fór til Bandaríkjanna í vinnu nú í sumar og er ekki væntanlegt fyrr en að ári liðnu.

Vitnið óskaði ekki eftir að nýta sér rétt sinn samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 74, 1974, er það gaf skýrslu hjá RLR, og verður efni þeirrar skýrslu rakið hér.

Vitnið kvaðst hafa vaknað við það að morgni 3. júní sl., að móðir þess hefði kallað á hjálp framan úr stofu, þar sem hún hefði sofið. Í fyrstu hefði það verið milli svefns og vöku, en áttað sig á, að eitthvað var að, þegar Marta hefði komið inn. Þegar þær hefðu ætlað fram, hefðu þær komist að því, að hurðin fram í stofuna var læst hinum megin frá, svo að þær hefðu ekki átt möguleika á því að komast fram. Vitnið kvaðst hafa ætlað að hringja á lögreglu úr síma í svefnherbergi, en ekki munað númer. Það hefði ætlað út um garðdyr, en ekki tekist að opna þær. Þá hefði það farið fram til Mörту, og í þeirri andrá hefði tekist að opna dyrnar. Það kvaðst ekki hafa séð föður sinn nema í sjónhendingu, en hann hefði þá verið inni í bílskúr og systir þess verið að ræða við hann. Vitnið kvaðst ekki hafa talað við hann. Vitnið bar, að hann hefði farið í framhaldi af því, að móðir þess hafi náð sambandi við lögregluna.

Vitnið Jóna Kjartansdóttir, systir ákærða, kom fyrir dóm við meðferð málsins og staðfesti skýrslu, er það gaf hjá RLR, þess efnis, að ákærði hefði fulla heimild til að dveljast á heimili þess, þegar hann kjósi, en þar hafi hann lykla, og honum hafi verið heimilt að fara inn um glugga í sumarbústað vitnisins í Skorradal. Vitnið kvaðst hafa verið í sumarbústaðnum 2. júní sl.

Vitnið Hildur Wium Kristinsdóttir var flutt á slysadeild að morgni 3. júní sl. og skoðuð af Maríu Sigurjónsdóttur lækni, en læknisvottorð er undirritað af Árna Sch. Thorsteinssyni, dags. 4. júní 1991, en þar segir m.a.:

„Sköðun: Hún er með kúlu og mar á enni, ca. 3×3 cm. Ekki grunur um brot. Það er húðrispa á nefi vi. megin og á vi. kinn. Einnig rispur

á við hné. Áverkar taldir vægir, mar, kúla og rispur. Að lokinni skoðun fer kona með ráðleggingar. Endurkoma eftir þörf.“

Vitnið fór að nýju í læknisskoðun 7. júní sl., en þá var vitnið skoðað af sænskum aðstoðarlækni, sem farinn var af landinu, er málsmeðferð fór fram. Árni Sch. Thorsteinsson gaf út læknisvottorð eftir síðari skoðun, en það er dags. 13. ágúst 1991. Þar segir:

„Þann 7/6 1991 kemur hún að nýju og kvartar nú um höfuðverk. Er mestur yfir enni og nær stöðugur, frá því hún varð fyrir áverkanum. Hefur eftir slysið tekið svefnlyf. Hildur óskar og eftir því, að það verið bókað, að hún hafi vaknað um kl. 4.30, en ekki kl. 3.00, eins og hún hafði áður haldið fram 3/6 1991.

Við skoðun nú kemur í ljós marblettur á miðju enni,  $2 \times 2$  cm, örlítið sár á slímhúð neðri varar vinstra megin við miðlinu, nokkur þreifeymsli yfir nefi og kringum marblett á enni. Svólítið mar við nefrót og  $1/2$  cm rispa þar. Einnig 1 cm rispa á vinstri hlið nefs og um 2 cm rispa á vinstri kinn. Ekki grunur um brot. Á hægri framhandlegg eru fjórir smáir marblettir, hver um sig ca.  $1 \times 1$  cm í þvermál. Einnig þrjú ljósbrúnir smáir marblettir,  $0,5 \times 0,5$  cm, miðlægt á upphandlegg. Svólítið mar hliðlægt og rétt neðan til á vinstra hné. Ca.  $1/2$  cm rispa yfir nærenda v. miðristarbeins vinstra megin. Að auki tveir marblettir,  $3 \times 2$  cm, á hægri rist yfir miðristarbeinunum I-III. Enn fremur grunnt sár  $0,2 \times 0,5$  cm, yfir I. hnúalið vinstri handar (MCP-lið I sin.).

Áverkar sem fyrr taldir fyrst og fremst maráverkar og húðrispur, en höfuðverkur, sem sjúkl. lýsir, getur verið einkenni vægs heilahristings.“

Vitnið María Sigurjónsdóttir, læknir á slysadeild, Álftheimum 36, Reykjavík, kom fyrir dóm við meðferð málsins.

Vitnið kveður eðlilegt, þar sem Hildur hafi komið á slysadeild, örskömmu eftir að henni voru veittir áverkarnir, að marblettir hafi ekki verið komnir út nema á enni. Hildur hafi verið mjög miður sín við komu á slysadeild og liðið illa, stutt hafi verið í tár, en hún hafi verið tiltölulega róleg, en það hafi fundið, að henni leið ekki vel. Hún hafi greint frá því, að áverkarnir væru af völdum manns, sem hún væri að skilja við. Hún hafi vaknað við það, stuttu áður en hún kom á slysadeild, að hann hafi barið hana með hamri, þar sem hún hafi verið sofandi í stofunni. Hún hafi orðið hrædd og reynt að forða sér, en maðurinn sett klút fyrir vitin og þau lent í áflogum. Hurð hafi verið læst, svo að dætur hennar hafi ekki komist fram til þess að hjálpa henni. Maðurinn hafi borið hanska í átökunum, en hún hafi talið hann vera í Amsterdam, en þangað hefði hann farið nokkrum dögum áður, og því hafi hún orðið mjög hissa, þar sem hún hafi talið hann vera erlendis.

Vitnið María var spurt að því, hversu þungt högg þurfi til að veita slíkan

áverka, og bar vitnið, að það væri nokkuð þungt, en þó hefði ekki verið grunur um höfuðkúpubrot.

Vitnið Árni Sch. Thorsteinsson, læknir á slysadeild, Tjarnarbóli 10, Sel-tjarnarnesi, staðfesti fyrir dómi að hafa gefið út bæði læknisvottorðin.

Lögreglumenn í Hafnarfirði, sá, er tók við tilkynningu um líkamsárás, Eggert Ólafur Jónsson aðstoðarvarðstjóri, Einibergi 7, Hafnarfirði, og lög-reglumennirnir Laufey Gísladóttir, Suðurgötu 4, Reykjavík, og Haraldur Guðni Harðarson, Hellisgötu 36, Hafnarfirði, sem fóru á vettvang og fluttu Hildi á slysavarðstofu, komu fyrir dóm, og báru um afskipti sín af málinu.

Starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem unnu að rannsókn málsins, hafa allir komið fyrir dóm við meðferð þess og staðfest þau verk, sem þeir unnu að. Eru það rannsóknarlögreglumennirnir Eiríkur Hreinn Helgason, Álfaheiði 30, Kópavogi, Kristján Friðþjófsson, Ástúni 10, Kópavogi, Kristján Hallgrímur Kristjánsson, Fífumýri 6, Garðabæ, Sævar Jóhannes-son, Réttarholtsvegi 65, Reykjavík.

Rétt þykir að rekja að hluta framburð vitnisins Kristjáns Hallgríms Kristjánssonar rannsóknarlögreglumanns, en það tók myndir á vettvangi, m.a. í bílskúr.

Vitnið var sérstaklega spurt að því, hvar heili plastpokinn hefði fundist og hvort það hefði séð tvist í bílskúrnum.

Vitnið bar, að pokinn hefði verið í kassa, þar sem honum hefði verið troðið niður, og tvisturinn hefði verið í poka ekki langt frá, við endann á svörtum ruslapoka. Vitnið kvaðst hafa rannsakað plastpokann með rúm-smásjá, og hefði sú skoðun ekki leitt í ljós neinar efnisleifar, hvorki tvist né annað.

Hamarinn, sem ákærði notaði, vó 989 g, og plastpokinn var venjulegur innkaupapoki.

Samtímis því að vera úrskurðaður í gæsluvarðhald var ákærða gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Geðrannsóknina vann Högni Óskarsson geðlæknir, en Margrét Bárðar-dóttir sálfræðingur lagði fyrir ákærða sálfræðipróf. Í rannsókninni er rakin persónusaga ákærða, geðsaga hans, líkamlegt heilsufar, aðdragandi atburð-ar, sem mál þetta snýst um, líkamleg skoðun, rannsóknir og geðskoðun. Hér á eftir verða raktir nokkrir þættir úr rannsókninni, sem dagsett er 30. júní sl.

„Við rannsókn þessa kemur ekkert fram, sem bendir til þess, að Her-mann hafi verið haldinn neinum þeim líkamlegum eða andlegum sjúkdómi, sem kann að hafa leitt til þess, að hann væri ekki ábyrgur gerða sinna,

þá er hann réðst að konu sinni aðfaranótt 3. júní síðastliðinn. Samkvæmt geðlæknisfræðilegu mati telst hann því sakhæfur.

Sjúkdómsgreining:

1: Þunglyndi tengt ytri orsökum. 300.4.

2: Háþrýstingur.

3: Hjartsláttaróregla (fibrillatio atriorum).

4: Svefnsýki, e. t. v. sem aukaverkun lyfja.“

Geðlæknirinn kom fyrir dóm og útskýrði, að tilvísun í 300.4. í sjúkdómsgreiningu í 1. lið væri vísun í alþjóðlegt flokkunarkerfi sjúkdóma, og tölurnar 300.4. vísi til sjúkdómsgreiningarinnar „neurosis depressiva“, nánar skilgreint þunglyndi af sálrænum uppruna, gagnstætt þunglyndi af líkamlegum orsökum, þ.e.a.s. vegna truflana í heila.

#### *Niðurstöður.*

Með játningu ákærða, sem studd er framburði vitnisins Hildar, læknisvottorði og öðru, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði réðst að konu sinni með hamri, er hún var sofandi á heimili þeirra aðfaranótt 3. júní sl., sem hann sló hana með í ennið, og plastpoka, sem hann hélt fyrir vitum hennar og reyndi að troða upp í munn hennar að hluta með þeim afleiðingum, að hún fékk kúlu og marblett á enni, rispur og marbletti víða um líkamann og að öllum líkindum vægan heilahristing, sbr. læknisvottorð.

Gegn eindreginni neitun ákærða verður að telja ósannað, að hann hafi ætlað að svipta eiginkonu sína, Hildi Wium Kristinsdóttur, lífi, og er hann því sýknaður af ætluðu broti á 211. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19, 1940. Ákærði réðst hins vegar að Hildi, þar sem hún var sofandi, með hættulegu verkfæri, sem hann notaði til að slá hana með í höfuðið, og plastpoka, sem hann hefur viðurkennt að hafa haldið fyrir vitum hennar í því skyni að kæfa frá henni hljóð, svo að hún átti erfitt með andardrátt. Ekki er ljóst, hvaða hvatir leiddu ákærða til verknaðarins, en ákærði kveðst hafa tekið ákvörðun um árásina, þegar hann hafi vaknað stuttu áður, eftir að hafa lagt sig á dýnu í bílskúr. Þar hafi hann tekið hamarinn, en plastpokann (innkaupapoka) á eldhúsborði, læst dyrum inn á svefnherbergisganginn, þar sem dæturnar þrjár voru sofandi, og ráðist á Hildi, svo sem hér að framan er lýst. Ákærði hefur ekki getað gefið neina haldbæra skýringu á verknaðinum né öðrum hlutum, sem tengjast honum, svo sem ferðum sínum til og frá Amsterdam, farmiðakaupum á fölsku nafni og fleira. Frásögn ákærða er um margt afar ótrúverðug og fjarstæðukennd. Aðferð ákærða og atlagan verður að teljast fólkskuleg. Ákærði telst með háttsemi sinni, sem ýtarlega hefur verið lýst hér að framan, hafa gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, með vísan

til hins hættulega tækis og aðferðar við verknað, þó að afleiðingarnar reyndust ekki alvarlegri en hér að framan greinir.

Ákærði er að mati dómsins sakhæfur, sbr. geðheilbrigðisrannsókn þá, sem hann gekkst undir við meðferð málsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum, sem skipta máli við úrlausn máls þessa.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Að mati dómsins koma engar refsilækkunarástæður til greina. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, fangelsi 18 mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá 5. júní sl. kl. 14.38 til 20. ágúst sl. kl. 21.31. Þykir rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhald ákærða í 77 daga komi refsingu ákærða til frádráttar.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu ákæruvaldsins sá Björn Helgason um saksókn.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hermann Kjartansson, sæti fangelsi 18 mánuði.

Til frádráttar refsingunni skal koma 77 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 150.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.